



Fundargerð

299. fundur atvinnu- og hafnarráðs Reykjaneshafnar haldinn á skrifstofu
Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11, 21. ágúst 2025, kl. 16:00

Viðstaddir: Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Alexander Ragnarsson, Kristján Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson og Jón Már Sverrisson.

Að auki sat fundinn Halldór Karl Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnar sviðs.

Atvinnu- og hafnarráð samþykkti 5-0 að tekið yrði á dagskrá Starfsmannamál Reykjaneshafnar (2025050171). Fjallað er um máli undir dagskrálið 15.

* * *

1. Njarðvíkurhöfn – dýpkun hafnar (2023080391)

Farið var yfir stöðuna á framkvæmdum við dýpkun Njarðvíkurhafnar.

2. Helguvíkurhöfn – Suðurbakki (2024040273)

Farið yfir ýmsa þætti í tengslum við uppbyggingu á Suðurbakka Helguvíkurhafnar.

3. Helguvíkurhöfn - Olúbryggja (2025060134)

Farið yfir samantekt af fundi samstarfsaðila um endurbætur á rampi við olúbryggjuna í Helguvík.

4. Samráðsnefnd atvinnu- og hafnarráðs og umhverfis- og skipulagsráðs (2025010264)

Fundargerðir 20. og 21. fundar samráðsnefndar atvinnu- og hafnarráðs og umhverfis- og skipulagsráðs frá 3. júlí og 14. ágúst lagðar fram.

5. Skemmtiferðaskip (2025020389)

Farið yfir stöðu mála er varðar markaðssetningu á Keflavíkurhöfn fyrir smærri skemmtiferðaskip. Í ár hafa tvö skemmtiferðaskip þegar komið til hafnar og von er á tveimur til viðbótar, því fyrra þann 31. ágúst nk.

6. Samgönguáætlun 2026-2030 (2025050170)

Bréf Vegagerðarinnar dags. 6. maí 2024 þar sem fram kemur að opið er fyrir umsóknir vegna hafnargerðar og sjóvarna í Samgönguáætlun 2026-2030 til 20. júní nk. lagt fram. Einnig lagður fram tölvupóstur dags. 2. júní sl. þar sem fram kemur að umsóknarfresturinn framlengist til 1. ágúst nk. Farið var yfir umsókn Reykjaneshafnar sem send var inn til Vegagerðarinnar þann 28. júlí sl.

7. Hafnasamband Íslands (2025020388)

Fundargerð 473. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands frá 22. maí sl. lögð fram.

8. Reykjaneshöfn – framtíðarsýn 2026-2035 (2025080301)

Stjórn Reykjaneshafnar samþykkti á 258. fundi sínum 9. desember 2021 framtíðarsýn Reykjaneshafnar þar sem sett er fram sviðsmynd um þróun á starfsemi hafnarinnar til ársins 2030, gangi eftir hugmyndir um nýtingu og sérhæfingu núverandi hafnarmannvirkja ásamt hugmyndum um atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Viðkomandi framtíðarsýn var endurskoðun á sambærilegri framtíðarsýn sem stjórn hafnarinnar vann árið 2017.

Atvinnu- og hafnarráð samþykkir að taka framtíðarsýn Reykjaneshafnar til endurskoðunar út frá þróun síðustu ára og áætlaðri þróun komandi ára.

9. Atvinnumálakönnun (2025030241)

Árið 2017 hafði Reykjanesbær forgöngu um atvinnumálakönnun á Suðurnesjum þar sem leitast var við að ná fram stöðu íbúa á vinnumarkaði eftir sveitarfélögum. Í vor var ákveðið að gera nýja könnun með sömu spurningum í samstarfi við önnur sveitarfélög á svæðinu og lauk þeirri könnun í lok maí sl. Farið var yfir niðurstöður hennar ásamt samanburði við fyrri niðurstöður.

10. Hólmbergsbraut - uppsáturssvæði (2025080302)

Í tengslum við fyrirhugaða íbúðaupbyggingu við Grófina gerðu Reykjaneshöfn og Reykjanesbær með sér samkomulag um að Reykjaneshöfn fengi aðstöðu á iðnaðarsvæðinu í Helguvík í stað eftirgjafar á athafnasvæði hafnarinnar við Grófina. Reykjaneshöfn hefur fengið þá aðstöðu afhenta og var farið yfir næstu skref við uppbyggingu svæðisins svo það megi þjóna starfsemi hafnarinnar í framtíðinni.

11. Suðurnesjabær – Bergvík – nýtt deiliskipulag – beiðni um umsögn (2025080303)

Tölvupóstur dags. 22. júlí 2025 frá Skipulagsgátt fyrir hönd Suðurnesjabæjar þar sem óskað er eftir umsögn um eftirfarandi: Bergvík, nýtt deiliskipulag, nr. 1040/2025 (Breyting á aðalskipulagi). Kynningartími er frá 22. júlí til 22. ágúst 2025.

Atvinnu- og hafnarráð gerir ekki athugasemd við viðkomandi skipulag.

12. Mælaborð atvinnu- og hafnarsviðs (2025010263)

Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, fór yfir mælaborð atvinnu- og hafnarsviðs fyrir fyrstu sex mánuði ársins.

13. Upplýsingagjöf sviðsstjóra (2025010262)

Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, fór yfir stöðu ýmissa mála er varða starfsemi sviðsins.

14. Útboð váttrygginga Reykjaneshafnar (2025080266)

Síðastliðið vor fóru Reykjaneshöfn, Reykjanesbær og Tjarnargata 12 ehf. í sameiginlegt útboð er varðar váttryggingar viðkomandi. Nú liggur niðurstaðan fyrir og eru TM tryggingar hf. með hagstæðasta tilboðið.

Atvinnu- og hafnarráð samþykkir að taka tilboði TM trygginga hf. í váttryggingar Reykjaneshafnar í samræmi við úboðsgögn þar að lútandi.

15. Starfsmannamál Reykjaneshafnar (2025050171)

Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, fór yfir óvæntar áskoranir sem komnar eru upp í starfsmannamálum Reykjaneshafnar sem geta haft hamlandi áhrif á þjónustugetu hafnarinnar í framtíðinni. Fór hann yfir þá kosti sem væru í stöðunni til þess að bregðaðst við þeim aðstæðum.

Atvinnu- og hafnarráð samþykkir að auglýsa eftir starfsmanni til starfa hjá Reykjaneshöfn á grundvelli þeirrar umræðu sem var á fundinum og felur sviðsstjóra að fylgja málinu eftir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:15.